

SKARÐSHLIÐARSKÓLI

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili: Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. : 44
Verktaki: Eykt ehf	
Fundarstjóri: Kristján Björnsson	Fundarritari: Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður: Verkstað	
Pátttakendur:	06.11.2019
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verkís hia@verkis.is 846 0011	Frá kl. : 14:00
Kristján Björnsson (KB) Verkís kb@verkis.is 824 6313	Til kl. : 15:10
Ívar Már Markússon (ÍMM) Eykt ivar@eykt.is 822 4449	
Hlynur Gissurarson (HG) Eykt hlynur@eykt.is 822 4418	
Dreifing: Fundarmenn	Næsti fundur:
Örn Guðmundsson (ÖG) VSB orn@vsb.is 660 8609	Miðvikudaginn 20.
Stefán Veturliðason (SV) VSB stefan@vsb.is 660 8606	nóvember 2019, kl.
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær siggih@hafnafjordur.is 664 5631	14:00 á verkstað.
Páll Daníel Sigurðsson (PDS) Eykt palld@eykt.is	
Þorgeir Margeirsson (ÞM) Eykt toggi@eykt.is	

Tengiliðir:

Nafn	Fyrirtæki	Hlutverk	Sími	Netfang
Kristján Björnsson	Verkís	Eftirlitsmaður	824 6313	kb@verkis.is
Hilmar Ástþórsson	Verkís	Eftirlitsmaður	846 0011	hia@verkis.is
Ívar Már Markússon	Eykt	Staðarstjóri	822 4449	ivar@eykt.is
Hlynur Gissurarson	Eykt	Verkstjóri	822 4418	hlynur@eykt.is
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær	Umboðsmaður	664 5631	siggih@hafnafjordur.is
Örn Guðmundsson	VSB	Verkefnisstjóri	660 8609	orn@vsb.is
Stefán Veturliðason	VSB	Verkefnisstjóri	660 8606	stefan@vsb.is



Nr.

FUNDARGERÐ:

Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Ábm.:

1. Fundargerðir.

Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð.

Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.

2. Tryggingar.

Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert 09.10.2018).

Lækkun á verktryggingu er í ferli, í framhaldi af áfangaskilum nr. 2.

3. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Vinnusvæðið er girt af, lokað og læst utan vinnutíma. Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær.

Áréttað við verktaka að vera vakandi fyrir akstri vinnuvéla á vinnusvæði, sérstaklega við lóðarfrágang og aðkomu aðfanga.

Öryggisúttekt á áfanga nr. 2, þ.e. húshlutum A og B, fór fram í gær (17.júlí 2019). Slökkvilið hafnar notkun húsnæðisins í því ástandi sem það er nú. Verktaki er langt kominn með að vinna úrbætur frá öryggisúttekt og hefur sent stóran hluta af úrbótum á viðkomandi aðila (ljósmyndir af úrbótum). Verktaki ráðgerir að klára ísetningu hurða og glerja næstkomandi mánudag, undanskyld eru 2 stk gler í tónlistarskóla. Verktaki ætlar að boða aftur til öryggisúttektar fyrir A og B hluta og bæta D hluta við.

Verktaki kemur til með að boða til úttektar að nýju fljótlega. Rætt um ÚT-ljós í leikskólahluta (A1), slökkvilið hefur farið fram á að sett verði upp ljós þar sem er umfram teikningar. Eftirlit staðfestir að fylgja skuli eftir kröfum eldvarnareftirlist, þó að það sé á skjön við verkeikningar, verktaki mun gera svo.

Þá er því velt upp hvort mögulegt sé að læsa flóttahurðum úr hátíðarsal þegar böll/skemmtanir eru í gangi á 2.hæð í húsbýgging C. Lagt er upp með að setja vælur á umræddar hurðar, verður borið undir verkkaupa.

HÁ

Á dögnum kom upp atvik þar sem börn komust inn fyrir vinnugirðingar umhverfis skólalóð, þar sem unnið var með þungatæki. Verktaki hefur farið yfir vinnugirðingar og tryggt að þær séu tryggilegar lokaðar. Áréttað að eftirfylgni við og viðhald á vinnugirðingum sé reglulegt.

Verktaki upplýsir um að ekkert slys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi.

4. Undirverktakar.

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

Jarðvinna; Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir; Rafís. Pípulagnir; Topplagnir. Blikksmiður; Blikksmiði. Dúkalagnir; Pons. Málningarvinna; Sigurður Breiðfjörð. Múrverk; TM-Bygg. Þakpappalögn; Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft; Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð; Jóhann Sigurðsson garðyrkjufræðingur. Þökulagning; HO torf. Heflun undir malbik; Hefilverk. Malbikun; Hlaðbær – Colas.



Gluggaísetning; Áp-verk ehf. Uppsetning innihurða; Trésmiðja Róberts. Leiktæki; Jóhann Helgi og Co. Forritun; Efla.

5. Aðstaða og athafnasvæði verktaka.

Vinnusvæðið er að hluta til skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsvörð. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum hefur verið tryggt.

Verktaki hefur lokið að helluleggja framan við húsbyggingu að húsbyggingu F. Stefnt er á að malbika stóran hluta lóðar að framanverðu í október. Verið er að vinna lóð fyrir framan byggingar D-F. Búið er að færa allt byggingarefni austur fyrir húsið.

Ráðgert er að malbikað verði á morgun á sunnanverðri lóð. Einnig verði malbikað bílastæði í eyju og viðbótarstæði á norðanverðri lóð. Horft er til þess að rampur og svæði á norðanverðri lóð verði malbikað í næstu viku.

6. Veitustofnanir.

Ekkert bókað.

7. Gæðamál.

Ekkert bókað.

8. Vinnutími.

Vinnutími verktaka er 7:30 – 18:00 virka daga og tilfallandi 07:30 – 16:00 á laugardögum.

9. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

Tæki á verkstað	
Trailer	1
Beltavél	1
Hjólavél	1
Cat	1
Skæralyfta	1
Samtals:	5

Mannafli á verkstað	
Stjórnun	2
Húsasmiðir	3-5
Rafvirkjar	4
Píparar	0-3
Málarar	4-5
Blikksmiðir	2
Dúkarar	0-2
Verkamenn	2
Múrarar	2
Lóðarfrágangur	2
Aðrir	0
Samtals:	21-29

Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

10. Húsbyggingar A og B:

Verktaki hefur unnið að aukaverkum og úrbótum á athugasemdalista, bæði innanhúss og á lóð. Framkvæmdum í húsbyggingum A og B er lokið ef frá er talið; flasningar ofan á svalir, hellulögn og snjóbræðsla við inngang að norðanverðu (B1), ein hurð í leikskólahluta, 2 stk gler í tónlistarskóla og yfirferð og frágangur á hurðum og hurðarbúnaði að einhverju leyti. Verið að ljúka við lokafrágang, t.a.m. flasningar og þá er verið undirbúa malbik að norðanverðri lóð.



Húsbygging C:

Verktaki telur sig hafa lokið við sumaraðgerðalista að fullu. Eftirlit og verktaki koma til með að fara yfir umrædd atriði í sameiningu.

Búið er að fræsa inn raflagnir fyrir gardínur í matsal. Eftir að klára að yfirmála, verður gert á næstu dögum.

Hússtjórnarkerfi:

Kerfið sem slíkt hefur verið uppsett og er komið í virkni. Unnið er að smávægilegum breytingum og fínstillingum á kerfinu. Verið er að klára setja upp þrýstinema til að fá kerfið til að virka.

Masterskerfi í hurðir innanhúss:

Búið er að skilgreina masterkerfi og það liggur fyrir, Ægir kemur til með að vera í sambandi við Vélur og Verkfæri til að fullklára kerfi og setja framleiðslu lykla. Illa hefur gengið að hafa upp á aðila hjá Vélum og Verkfærum til að fullklára og afgreiða. Ægir mun skoða frekar þegar hann kemur til baka úr fríi.

Fundað var hvað þetta varðar síðastliðinn fimmtudag, þá var rætt um að einfalda kerfið eins og hægt er. Er í ferli, Ægir er að skoða.

Ekki hefur tekist að einfalda kerfið eins og Ægir vonaðist til, því er verktaki beðinn um að taka upp þráðinn aftur með Vélum og verkfærum og ljúka við kerfið.

Kom upp bakslag í fullnaðarfrágangi á masterskerfi, aðilar eru sammála um að æskilegt sé að boða til fundar og fara yfir í sameiningu. Verktaki, eftirlit, skólastjórnendur og söluaðili verði viðstaddir fund. Farið verði yfir stöðu mála og næsta skref til að fullklára kerfi.

Húsbygging D:

Unnið hefur verið að rafkerfum, uppsetningu raflagnastiga, ídrætti strengja og spörslun/málun. Útdráttur rafstrengja er langt kominn á 1. og 2.hæð. Uppsetning kerfislofta er langt komin á 2. Hæð.

Íhlutir fyrir fólkslyftu eru komnir á verkstað og ráðgert er að hefja uppsetningu hennar í næstu viku. Rafmagnstafla er komin upp og unnið er að frágangi strengja í töflu, þá er spörslun og málun mjög langt komin.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	90%	90%
<i>Lagnir</i>	100%	100%
<i>Loftræsing</i>	95%	95%
<i>Gólfefni</i>	30%	30%
<i>Kerfisloft</i>	20%	70%
<i>Utanhússklæðning</i>	100%	

Húsbygging E :

Búið er að leggja pappa á svalir og helluleggja þær. Innanhúss er uppsetningu léttra innveggja lokið á 1. og 2.hæð. Unnið er að útdrætti rafstrengja, unnið við lagnir og við spörslun og málun. Búið er að setja upp léttu veggja ofan við felliveggi.

Húsbygging F:

Vinna við utanhússklæðningu er lokið um 70%. Reyklúgur eru íkomnar og frágengnar en eftir er að tengja þær. Búið er að ganga frá torfi og hellulögn á neðri þakfleti. Innanhúss er unnið við stofnlagnir. Unnið er við sandspörslun og er búið að sandsparsla íþróttasal.



Uppsetning raflagnastiga og lagna er langt komin og unnið er að hleðslu innveggja á 1.hæð.

Lóðarfrágangur:

Lóð við leikskóla er frágengin fyrir utan bárujárn á geymsluskúr og frágang girðingar og hellulögn við inngang á norðurhlið.

Verið er að vinna lóð undir malbik framan við byggingu C-F, ráðgert að malbika á morgun.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Húsbygging A:

Klára eftirstöðvalista að fullu.

Húsbygging B:

Klára eftirstöðvalista að fullu.

Húsbygging C:

Klára að málun yfir sár, eftir að raflagnir að rafdrifnum rúllugardína voru fræstar inn í steiptan útvegg, búið er að sparsla.

Húsbygging D:

Haldið verði áfram með almennan frágang innanhúss. Unnið að tengingum strengja inn í aðaltöflu.

Húsbygging E:

Unnið að stofnlögnum innanhúss, útdrætti rafstrengja og spörlun/málun.

Húsbygging F:

Innanhúss verði unnið við stofnlagnir, loftræsilagnir og í tækniklefa.

Annað:

Haldið áfram með lóðarfrágang við húsbyggingu C, bæði að norðan- og sunnanverðu. Hellulagt verði framan við húsbyggingar F (sunnanverðu). Búið er að leggja snjóbræðslu fyrir framan inngang og útigeymslu. Snjóbræðsla er lögð á stærra svæði en gert var ráð fyrir. Ráðgert er að malbika á morgun.

11. Verkáætlun.

Samningur var undirritaður 28.07.2017 og fyrsta skóflustunga var tekin þann 21.08.2017.

Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 fóru fram 6. nóvember.

Formleg opunarhátíð á áfanga nr. 2 var haldin 9.ágúst 2019.

Verktaki hefur uppfært verkáætlun fram að verklokum og sent á eftirlit. Verktaki horfir til þess að ljúka verki 31. mars, unnið verði að stillingum kerfa, úttektum og úrbótum í apríl. Ráðgerir þar með að skila verkinu fullfrágengnu í lok apríl og verði farinn af verkstað 1.maí.

Kallað er eftir því að verktaki uppfæri greiðsluáætlun til samræmis við verkáætlun til að bera undir verkkaupa. Ekki er líklegt að samþykkt verði að hálfa verkkaupa að hraða greiðslum frekar en núverandi greiðsluáætlun verktaka gerir ráð fyrir.

ÍMM



12. Hönnun (breytingar).

Athuga með möguleika á að stækka handlaugar sem staðsettar eru inni í stofum í D-hluta. Er í skoðun/ferli. Verktaki kemur til með að senda inn efnissamþykkt. Óbr.

ÍMM

Fyrir liggur tillaga frá verktaka varðandi breytingu á bílastæðum, er í yfirferð hjá verkkaupa. ÖG lagði fram nýja tillögu að bílastæðum þar sem búið er að bæta við 7 bílastæðum að norðan verðu en stæðum sleppt við sparkvöll. Hefur verið samþykkt og verktaki mun vinna út frá tillögu, bætt við 7stk stæðum við efra bílaplan.

13. Teikningar og önnur gögn.

Ekkert bókað.

14. Efnisúttegund / efnisvottorð.

Afgreiðsla efnissamþykktar er í eðlilegum farvegi á milli verktaka og eftirlits.

Eftirtaldar efnissamþykktir eru í vinnslu:

Gólfúður á íþróttasal: *Verktaki hefur sent frekari upplýsingar varðandi gólfúður í íþróttasal sem eftirlit er að fara yfir/skoða. Er í skoðun hjá verkkaupa. Verkkaupi hefur óskað eftir flatarfjaðrandi íþróttagólfi með parketti eins og gert er ráð fyrir í greinargerð verktaka með tilboði. Í efnissamþykkt sem lögð var fram gerði verktaki ráð fyrir gólfúður skv. gólfefnapani arkitekts.*

ÍMM

Verktaki vinnur að því að afla upplýsinga um búnað í íþróttasal sem hann kemur til með að leggja fram til samþykktar, þegar það liggur fyrir.

ÍMM

15. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

16. Aukaverk.

Afgreiðsla aukaverka er í ferli, ekki mikið sem er óafgreitt.

Aukaverkareikningur vegna lóðarhönnun VSÓ bíður þar til niðurstaða liggur fyrir varðandi fjölda bílastæði, VSB og Eykt eru í samskiptum hvað það varðar.

Verktaki hefur sent frá sér verðtilboð í efnisúttegund og uppsetningu á körfuboltaspjaldi og fótoltamarki á leikskólalóð í framhaldi af ósk þar um. Skoðað verður hvort aðrir verkþættir/búnaður úr samningsverki falli út á móti.

Það liggur fyrir ósk um að verktaki skapi lagnaleið fyrir síma inn á deildum leikskóla, ekki er gert ráð fyrir því í fyrirliggjandi hönnun. Eftirlit kemur til með að senda formlega beiðni hvað það varðar. Sömuleiðis nokkur smærri aukaverk tengd rafkerfum.

HÁ

Komið hafa upp vangaveltur um að æskilegt sé að setja upp sólbekki á fleiri stöðum í byggingu (hefur verið sett í hátíðarsal, C2). Eftirlit mun skoða frekar í samráði við verkkaupa.

HÁ

Verktaki vekur athygli á að smíði og uppsetning flóttastiga til bráðabirgðar (D2) sé aukaverk.



17. Magntölur og reikningar.

Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþag en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.

Eftir er að gera upp magnbreytingar vegna þess að yfirborð graftar var ekki í samræmi við útboðsgögn. Verktaki kallar eftir viðbrögðum hvað þetta verður, hefur sent uppfærð gögn. Er í yfirferð/skoðun hjá verkkaupa. Búið er að afgreiða og gera upp magnbreytingar vegna aukins umfang jarðvinnu.

HÁ

Yfirlit yfir samþykkt/afgreidda framvindureikninga;

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881
18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907
21	01.05.2019	142,7	119.850.147	10.108.941	129.959.088
22	01.06.2019	145,8	134.942.153	14.560.627	149.502.780
23	01.07.2019	145,8	81.650.077	8.810.267	90.460.344
24	01.08.2019	146,4	84.538.976	9.5070.423	94.046.399
25	01.09.2019	146,4	43.890.584	4.936.023	48.826.607
26	01.10.2019	146,3	52.815.487	5.899.602	58.715.089
27	01.11.2019	146,3	54.815.986	6.123.062	60.939.048
Alls			3.205.166.986	209.461.913	3.414.628.428



18. Úttektir, rannsóknir og prófanir.

Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang. Verktaki hefur veitt eftirlitsaðilum aðgang.

Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.

Þrýstiprófun er að klárast, verktaki kemur til með að senda skýrslur á eftirlit. Verktaki hefur sent skýrslur á eftirlit.

Prófunarskýrslur og yfirlýsingar verða settar inn á verkefnavef. Verktaki hefur sett upp möppu á verkefnavef, verktaki færir inn tilheyrandi skjöl. ÍMM

19. Kröfur.

Ekkert bókað.

20. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

21. Verklok.

Áfangaskil nr.2; formleg afhending/opnunarhátíð fór fram þann 9.ágúst 2019 og tókst vel til. Verktaki hefur sömuleiðis afhent verkkaupa kennarastofu (D2/E2) til afnota, sem ekki var hluti af áfangaskilum nr.2 samkvæmt verksamningi.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá verktaka eiga hurðar sem upp á vantar að koma til landsins 21.september. Hurðar eru komnar á verkstað.

Samanber bókun undir fundarlið nr. 11 – Verkáætlun þá horfir verktaki til þess að ljúka verki að fullu í apríl og vera farin af verkstað 1.maí.

22. Samningslok.

Ekkert bókað.

23. Önnur mál.

Í rýmum milli deilda í leikskóla eru föst borð en eiga að vera felliborð skv. útboðsgögnum. Eftirlit mun skoða frekar, vísað á bls. 89 í forsögn. Það liggur fyrir að útfærsla borða í vinnuherbergi er ekki til samræmis við forsögn, verktaki kemur til með að skoða mögulegar lausnir. Er í skoðun hjá eftirliti. Komin tillaga frá verkaka á felliborðum, eftirlit mun fara yfir og taka afstöðu til. Í skoðun/vinnslu.

Verktaki álitur það vera aukaverk að setja upp klemmuvarnir, eftirlit og verktaki eru ekki sammála þar um. Það liggur fyrir að þetta þarf að framkvæma og áréttar eftirlit að verktaki klári uppsetningu klemmuvarna þó að umdeilt sé hver beri kostnað vegna þessa. HÁ

Skoða þarf rafmagnstengla í vélasal smíðastofu, þ.e. staðsetningu 3ja fasa tengla. Tenglar í smíðastofu eru samkvæmt fyrirliggjandi hönnun. Ekki er þörf á 3ja fasa tenglum, nóg að vera með einfasa tengla á þessum stöðum. Inn í rými sogkerfa er þó talin þörf vera á 3ja fasa tengli. Er í vinnslu/skoðun, staðsetning liggur fyrir.



Verktaki kemur til með að yfirfara kantlímingar hurða og lagfæra eftir þörfum, ágallar eru á þeim. Vertaki upplýsir um að búið sé að fara í heildstæða yfirferð á kantlímingum hurða og vinna úrbætur.

Komin er ný tillaga að klukka, digital klukka sem ekki tengist bjöllukerfinu. Eftirlit/verkkaupi kemur til með að fara yfir og taka afstöðu til. Verkkaupi hefur ákveðið að taka klukku frá Á Óskarssyni, KB sendir formlega beiðni á verktaka. Búið er að leggja inn pöntun fyrir klukku.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:
